

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að dómsmálastjórnin getur ekki með neinu móti fallizt á að koma til leiðar, að gjaldmátanum á jarðarafgjöldunum af tæðum umboðsjörðum verði breytt um stundarsakir, á neinn þann hátt, að það yrði á kostnað ríkissjóðsins að koma landaurum, sem ekki hefir verið samið um, í peninga til lúkningar á afgangjöldunum, og að dómsmálastjórnin, sökum þess að ástand það á umboðsjörðunum, sem skýrskotað er til sem ástæðu fyrir þessu, er ekki fáheyrdara en svo, að það má búast við, að það komi þá og þegar aptur uppá, sér sér yfir höfuð að tala ekki fært, að veita neina almenna ívilnun í þessu efni, hvort sem hún nemur meira eða minna. Aptur á móti er dómsmálastjórnin eptir málavöxtum ekki mótfallin því, að umboðsmanni sé veitt heimild til í þeim tilfellum, þar sem sérlegar ástæður eru fyrir hendi, að veita hlutaðeigandi leigulíðum frest með að gjalda landskuldina, sem samið hefir verið um, þangað til eptir lestir, til þess að þeim á meðan geti hafa tekizt að hafa einhver ráð með að útvega sér peninga til að borga landskuldina með.

1869.
9. marz.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skyldu prestsekkna að gjalda tíund til kirkju.

31. marz.

Útaf því að Guðríður Jónsdóttir, prestsekkja á Hörgsdal í Vestur-Skaptafellssýslu, hefir boríð sig upp við yður, háæruverðugi herra, um að hlutaðeigandi umboðsmaður hafi krafizt af sér tíundar til Prestbakka kirkju, hafíð þér lagt fram með í bréfi dagsettu 28. nóvembermán. f. á., að tæð prestsekkja verði leyst undan að greiða tíundargjald þetta, eða að málefniinu að öðrum kosti verði skotið til úrlausnar dómstólanna, og hafíð þér um það efni skýrskotað til reglugjörðar 17. júlímán.

1869.
31. marz.

1782 6. gr., smbr. kansellibréf 1. ágústmán. 1801 og rentu-kammerbréf 22. marzmán. 1826.

Nú er álits reikningastjórnardeildarinnar hefir verið leitað um málefni þetta, hefir hún svarað á þá leið, að þar sem 6. gr. í reglugjörð 17. júlímán. 1782 ákvarðar með berum orðum, að það sé eingöngu prestar og andlegrar stéttar menn, sem þjóna opinberum embættum, er ekki eigi að gjalda tíund til annara en fátækra, þá verði ekki ráðið af því, að hið sama sé einnig um prestsekkjur, því að í raun og veru sé ákvörðunin miklu fremur þeim skilningi til stuðnings, að prestsekkjur sé ekki undanþegnar að gjalda tíund til kirkju, og þegar skattur og gjaftollur eru nefndir í niðurlagi tæðrar greinar sem dæmi uppá gjöld, er prestsekkjur eru undanþegnar, þá er líka með því skorid úr, að það sé sjálfir skattarnir og gjöldin til ríkis-sjóðsins, sem slíkar ekkjur eru leystar undan, en alls ekki kirkjutíundin, því hinar lögboðnu tekjur kirkjunnar verði ekki teknar af henni með konungsúrskurði. Kansellibréf 1. ágústmán. 1801 og rentukammerbréf 22. marzmán. 1826 sé líka þessu áliti til stuðnings.

Samkvæmt því, sem reikningastjórnardeildin þannig hefir tekið fram, sér dómsmálastjórnin sér ekki fært að leysa ofan nefnda ekkju undan því að gjalda kirkjutíund þá, sem krafizt hefir verið af henni, en hinsvegar er það vitaskuld, að það er á hennar sjálfrar valdi að fá úrskurð dómstólanna um, hvort þessi skylda hvíli á henni eður eigi.

31. marz.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skilmála fyrir að útlendir menn megi stunda fiskiveiðar á Íslandi.

Með bréfi dagsettu 1. þ. m. hefir utanríkisstjórnin sent hingað eptirrit af bréfi frá Jourdan skipaútgjörðanmanni í Granville til hins konunglega verzlunarstjóra í Havre, þar sem hann lætur í ljósi þá ósk sína, að fá vitneskju um, hvers útlendir menn eigi að gæta, til þess að þeir megi stofna fiskiútveg á Íslandi